

## KENNARARÁÐ

Sjöundi fundur ráðsins var fjarfundur í Teams-kerfinu. Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 28. janúar 2021 kl. 13:00.

Mætt: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Karl Frímansson, Kristinn Þorsteinsson, Kristín Valsdóttir (varamaður Ingimars Waage og Gunndísar Ýrar Finnbogadóttur), Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir og Þorgerður Diðriksdóttir.

Haraldur F. Gíslason, Þorgerður Diðriksdóttir og Karl Frímansson viku af fundi kl. 14:00.

Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs sat einnig fundinn.

### 1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar.

Spurt hvað um merkingu síðasta dagskrárliðar. Formaður upplýsti að liðurinn varðaði málefni tónlistarskólanna sem ráðið hefði falið honum að kanna. Þar sem ekki hefði tekist að ljúka því fyrir fundinn leggur hann til að sá liður verði tekinn út af dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tillögu.

Fundargerð sjötta fundar kennararáðs borin upp til samþykktar. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

### 2. Frá vinnuhópi um hæfniramma í íslensku

Anna María Gunnarsdóttir sem starfar í hópnum kynnti drög að tillögu hópsins. Anna María upplýsti að drögin hafi verið send til umsagnar til Félags kennara og skólastjórnenda í Tónlistarskólum, Skólastjórafélags Íslands (SÍ), Félags stjórnenda í leikskólum og Skólameistarafélags Íslands (SMÍ). Tvær umsagnir hafa borist; frá SÍ og frá SMÍ og eru þær samhljóma þar sem fram kemur að treysta beri skólastjórnendum fyrir því að meta þá hæfni, m.a. hæfni kennara í íslensku sem þeir telja að þurfi til að vinna í skólunum.

Til stendur að kalla saman rýnihóp kennara sem ekki hafa íslensku sem móðurmál til að rýna tillögur hópsins. Sá fundur er fyrirhugaður í næstu viku.

Umræður um umsagnirnar og hvernig beri að túlka þær. Einnig rætt um hvenær tímabært sé að gögn séu sett út fyrir kennararáð og vinnuhópa þess til umsagnar. Að auki var rætt um að hve miklu leyti ramminn eigi þrengja að möguleikum skólastjóra til að ráða kennara til starfa sem ekki hafa íslensku sem móðurmál.

Áformað er að vinnuhópurinn um hæfniramma í íslensku skili af sér á næsta fundi kennararáðs.

### 3. Önnur sérhæfð hæfni kennara

Formaður sagði frá því að almenni hæfniramminn væri kominn langt á veg og jafnframt sérhæfð hæfni skólastjórnenda og sérhæfð hæfni í íslensku. Til umræðu á fundinum lagði hann fram spurninguna hvort fundarmenn teldu að þörf væri á fleiri atriðum varðandi sérhæfða hæfni kennara umfram það sem kemur fram í lögum um menntun hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Í umræðum kom fram að 5. grein laganna þykir að sumu leyti óljós. Í umræðum kom fram að orðalag greinarinnar eigi að gefa háskólum möguleika á því að móta námsbrautir sem til dæmis gangi þvert á skólastig.

Í umræðum kom fram sú hugmynd að kalla eftir hæfniviðmiðum nokkurra greina og/eða sviða til að bera saman og ná þannig utan um kjarnann í sérhæfingu ólíkra greina og skólastiga. Það gæti orðið útgangspunktur vinnunnar við sérhæfða hæfnirammann.

Einnig var rætt um áhrif sérhæfðu hæfninnar á uppbyggingu kennaranáms. Rætt um hvort frelsi háskólanna nægi til að móta kennaranámið út frá lögnum og reglugerðinni sem byggð verður á tillögum kennararáðs um hæfniramma.

Ákveðið var að vísa umræðunni um almenna og sérhæfða hæfni kennara til vinnuhóps 1 um almenna og sérhæfða hæfni. Vinnuhópurinn myndi svo skila af sér drögum að almennu hæfninni ásamt þeirri sérhæfðu hæfni talin er þörf á.

### 4. Önnur mál – engin önnur mál bókuð

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15:00